# Litla Gula Hænan

Litla gula hænan fann fræ.
Það var hveitifræ!



*Uppfært af Gagn & Gaman*

Einu sinni var lítil gul hæna sem bjó á bóndabæ ásamt svíni, ketti og hundi.

Einn daginn fann hún hveitifræ og ákvað að sá því til að búa til brauð. Hún spurði vini sína.





Litla Gula Hænan!
Litla gula hænan fann fræ.
Það var hveritifræ!


• „Hver vill hjálpa mér að sá fræinu?“



Svínið svaraði, „Ekki ég.“





Kötturinn svaraði, „Ekki ég.“





Hundurinn svaraði, „Ekki ég.“





Þá sagði litla gula hænan, „þá geri ég það sjálf.“
Og hún sáði
fræinu ein.





þegar hveitið var fullvaxið,
spurði hún,

- „Hver vill hjálpa mér að slá hveitið?“





Svínið svaraði, „Ekki ég.“





Kötturinn svaraði, „Ekki ég.“





Hundurinn svaraði, „Ekki ég.“





Litla gula hænan sagði, „þá geri ég það sjálf.“ Og hún sló hveitið ein.



Næst spurði hún:
“Hver vill hjálpa mér að
þreskja hveitið?“



Svínið svaraði, „Ekki ég.“





Kötturinn svaraði, „Ekki ég.“





Hundurinn svaraði, „Ekki ég.“





Litla gula hænan sagði, „Þá geri ég það sjálf.“ Og hún þreskti hveitið ein.





Þvínæst spurði hún:
„Hver vill hjálpa mér að
mala hveitið?“

Svínið svaraði, „Ekki ég.“





Kötturinn svaraði, „Ekki ég.“





Hundurinn svaraði, „Ekki ég.“







Litla gula hænan sagði, „Þá geri ég það sjálf.“ Og hún malaði hveitið ein.

Að lokum spurði hún:
„Hver vill hjálpa mér að baka brauðið?“



Svínið svaraði, „Ekki ég.“





Kötturinn svaraði, „Ekki ég.“





Hundurinn svaraði, „Ekki ég.“





Litla gula hænan sagði,
„þá geri ég það sjálf.“
Og hún bakaði brauðið
ein.





þegar brauðið var tilbúið, spurði hún: „Hver vill hjálpa mér að borða brauðið?“

Svínið svaraði, „það vill ég.“





Kötturinn svaraði, „Það vill ég.“





Hundurinn svaraði, „það vill ég.“





En litla gula hænan svaraði, „þið vilduð ekki hjálpa mér við að sá, slá, þreskja, mala eða baka





Nú ætla ég að borða brauðið sjálf." Og hún gerði það.





**Þessi saga minnir okkur á að þeir sem leggja hart að sér uppskera ávöxt vinnu sinnar, á meðan þeir sem forðast vinnu eiga ekki von á að njóta afrakstursins.**



*Í endursögn Gagn & Gaman*

